

**Nefndasvið Alþingis,
b/t Selmu Hafliðadóttur
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

Reykjavík, 13.12.2007

Efni: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra.

Útlendingastofnun barst bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 26. nóvember sl., þar sem farið var þess á leit að stofnunin veitti umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra.

Útlendingastofnun gerir eftirfarandi athugasemd við ofangreint frumvarp.

Við 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér nýjar málsgreinar í 15. gr. núgildandi laga um útlendinga nr. 96/2002, gerir útlendingastofnun athugasemd við þá málsgrein sem yrði ný 3. málsgrein 15. gr. laganna og hljóðar svo:

Veita má maka, sambúðarmaka og samvistarmaka, sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi við skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit sambúðar eða samvistar. Þarf hjúskapur, staðfest samvist eða skráð sambúð að hafa varað í a.m.k. tvö ár. Vikja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.

Í 1. málslíð er að finna heimild til þess að veita búsetuleyfi. Útlendingastofnun vill benda á að skv. 1. mgr. 13. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 fá makar, sambúðarmakar og samvistarmakar útgefið dvalarleyfi. Til þess að þeir geti fengið útgefið búsetuleyfi þurfa þeir hins vegar að uppfylla almenn skilyrði 1. mgr. 15. gr. laganna, sem fela m.a. í sér kröfu um samfellda dvöl hér á landi síðustu þrjú ár samkvæmt dvalarleyfi sem ekki er háð takmörkunum. Eðli máls samkvæmt fælist í því ójafnræði ef útlendingur sem skilur við maka sinn eftir tveggja ára samband gæti þá fengið útgefið búsetuleyfi á meðan sá útlendingur sem væri í hjúskap þyrfti að bíða í ár í viðbót eftir útgáfu búsetuleyfis. Myndi þá sá útlendingur sem skildi við maka sinn öðlast ríkari rétt en sá sem væri í hjúskap. Slíkt kynni einnig að ýta undir misnotkun, þá sérstaklega þegar höfð er í huga aukning svokallaðra málamyndahjónabanda.

F.h. Útlendingastofnunar


Þorsteinn Gunnarsson